

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Grenivík vegna Lækjarvalla.

Í samræmi við 4. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grýtubakkahrepps þann 1. september 2003 deiliskipulag fyrir Lækjarvelli á Grenivík. Uppdrættir hafa þegar hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grenivík, 9. mars 2004.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 327/2003, um endurgreiðslu almenns og sérstaks vörugjalds af bensíni til sendimanna erlendra ríkja.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það Ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun reikninga sendir Ríkisendurskoðun þá til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisfóhriðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð reikninga á því tímabili sem endurgreitt er fyrir nemi a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti. Ríkisendurskoðun skal heimila endurgreiðslu innsendra reikninga vegna fastra mánaðarlegra reikningsviðskipta nái heildarfjárhæð slíkra reikninga a.m.k. 10.000 kr. með virðisaukaskatti.

Reikningar þeir sem endurgreiðslubeiðni er byggð á skulu vera greiddir. Til staðfestingar á greiðslu skal greiðslukvittun fylgja greiddum reikningum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2004.

Fjármálaráðuneytinu, 4. mars 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.